

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1061

Dagsetning: 11. mars 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 4. mars 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Stjórnvaldskæra vegna frávísunar

Rætt var um svar HH við stjórnslukæru vegna frávísunar geðheilsuteyma.

3. Mönnun Geðheilsuteymis taugaproskaraskana

Rætt var um þörf fyrir að auka mönnun lækna í Geðheilsuteymi taugaproskaraskana. Ákveðið var að auglýsa stöðu læknis sem fyrst.

4. Innleiðing Workvivo

Rætt var um breytingar á samskiptum við starfsfólk þar sem Workplace verður lokað og Workvivo tekur við þann 18. mars. Ákveðið var að kynna Workvivo á fundi fagstjóra 13. mars.

5. Fundur forstjóra með ráðherra og þing heimilislækna

Framkvæmdastjórn var upplýst um umræður á fundi forstjóra HH með heilbrigðisráðherra. Einnig fjallaði forstjóri stuttlega um umræður á þingi heimilislækna tengt þjónustu heilsugæslunnar.

6. Sjúkráþjálfarar á heilsugæslustöðvum

Rætt var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem óskað var eftir fulltrúa í nefnd sem mun meðal annars fjalla á um starfsemi sjúkráþjálfara á heilsugæslustöðvum. Ákveðið var að NSK verði fulltrúi stofnunarinnar í nefndinni.

7. Sjúkraskrá

Umræður um miðlæga afhendingu afrita sjúkraskráa. Áhugi er á því á stöðvunum og framkvæmdastjórn stefnir að því að miðlæg afhending verði tekið upp. Einnig var rætt

um afnot starfsmanna HH að sjúkraskrárgrunni sem eiga að einskorðast við vinnu fyrir stofnunina.

Aðgerðir og verkefni

- Ljúka þarf við svar HH vegna stjórnslukæru, sjá lið 2.
Ábyrgð: ÍDG
- Undirbúa þarf auglýsingu fyrir stöðu læknis hjá Geðheilsuteymi taugáþroskaraskana, sjá lið 3.
Ábyrgð: ÍDH
- Kynna þarf Workvivo á fundi fagstjóra, sjá lið 4.
Ábyrgð: BJ
- Svара þarf erindi ráðuneytisins um tilnefningu í nefnd, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM
- Halda þarf áfram undirbúningi fyrir miðlæga afhendingu sjúkraskrár, sjá lið 7.
Ábyrgð: NSK

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:15